



Sjálfsmatsskýrsla

Menntaskólans við Hamrahlíð

Skólaárið 2019-2020



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Lýsing á starfsemi	2
2.1	Nemendur	2
2.1.1	Útskriftarnemar	3
2.1.2	Listdansskólarnir.....	3
2.1.3	Námstími nemenda	4
2.2	Starfsfólk.....	6
2.2.1	Mannabreytingar.....	7
2.2.2	Starfsánægja í MH	7
2.2.3	Endurskoðun stofnanasamninga í MH	7
2.3	Húsnæði og aðbúnaður	8
2.3.1	Skrifstofa skólans.....	8
2.3.2	Bókasafnið	9
2.3.3	Matsalan Sómalía	9
2.4	Kennslustundir og áfangar	9
2.5	Kennslukerfið Inna.....	10
2.6	Fjármál.....	10
2.7	Kennslukannanir.....	10
2.8	Nýnemar	11
2.9	Námsbrautir.....	14
2.9.1	IB-braut.....	15
2.9.2	Kjörgreinar á opinni braut	15
2.10	Stöðumat	16
2.11	Skólasókn.....	16
2.12	Náms- og starfsráðgjöf	17
2.13	Námsverið	18
2.14	Sálfræðingur	18
2.15	Umhverfismál	19
2.16	Tölvumál.....	19
2.17	Skjalamál.....	20
2.18	Heimasíða	20
2.19	Jafnréttismál.....	20

2.19.2	Jafnlaunavottun.....	22
2.20	Heilsueflandi framhaldsskóli	23
3	COVID-19	23
4	Samantekt og umbætur	24
4.1	Verkefni skólaársins 2018-2019	24
4.2	Verkefni skólaársins 2020-2021	25

1 Inngangur

Menntaskólinn við Hamrahlíð er rótgróinn skóli, byggður upp af kraftmiklu starfsfólki og nemendum. Skólinn hefur starfað sem áfangaskóli frá 1972 og var fyrirmynd margra annarra framhaldsskóla sem tóku upp áfangakerfi. Við skólann starfa u.þ.b. 120 starfsmenn og nemendur eru tæplega 1200. Brautir skólans eru 6 auk IB-alþjóðlegrar námsbrautar og sérnámsbrautar (nýtt heiti í samþykktarferli er fjölnámsbraut). Fjölmennasta námsbrautin er opin braut með um 500 nemendur og náttúrufræðibraut fylgir á eftir með tæplega 200 nemendur. Á opinni braut velja nemendur sér sjálfir kjörgreinar. Þeir hafa frelsi til að hanna brautina eftir sínu áhugsviði, innan ákveðins ramma, sem hæfir undirbúningi þeirra fyrir frekara nám. Listdansbraut og tónlistarbraut eru kenndar í samstarfi við listdanskóla og tónlistarskóla. Haustið 2020 verður hætt að innrita inn á tónlistarbraut og nemendum sem þangað leita er bent á opna braut með tónlist sem kjörgrein. MH er í samstarfi við Menntaskólann í tónlist en nemendur hans sækja almennt bóklegt nám í MH. Listdansbrautin fór í samþykktarferli í maí og hefur verið samþykkt en fyrirkomulag listdansnáms er enn í endurskoðun hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Stefnt er að því að MH verði áfram kjarnaskóli en óvíst er hvaða listdanskólar koma að náminu.

Áfangar skólans eru í stöðugri endurskoðun og þróun og fjölbreytni er mikil. Með styttingu stúdentsprófsins þarf að fylgjast vel með áfangaframboði með það í huga að halda inni efri áföngum í tungumálum og raungreinum. Mikið tungumálaframboð er í MH og fjöldi áfanga í hverju tungumáli hefur skapað skólanum sérstöðu og laðað að fjölbreyttan hóp nemenda. Að undanfögnu hefur verið erfiðara að fá nemendur til að taka efri áfanga í tungumálum og valáfanga í raungreinum og er það áhyggjuefni. Líkleg ástæða er að margir reyna að ljúka náminu á þremur árum, frekar en þremur og hálfu eða fjórum. Stór hópur nemenda kys þó að útskrifast með fleiri einingar en nauðsynlegt er til að vera betur undirbúinn fyrir frekara nám á háskólastigi. Frá haustinu 2019 innritast nýnemar í skólann á brautir þar sem krafist er 205 eininga til stúdentsprófs að undanskilinni listdansbraut sem enn inniheldur 215 einingar.

Aðferðir við sjálfsmat í MH eru m.a. töluleg gagnarýni, almennar umræður á fundum kennara og starfsmanna, kannanir, skýrslur og úttektir. Að sjálfsmatinu koma margir aðilar innan skólans s.s. stjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, annað starfsfólk og nemendur. Umsjón með sjálfsmati hefur konrektor.

Helstu áhersluatriði þessarar skýrslu, fyrir utan hefðbundnar upplýsingar, sem nær yfir skólaárið 2019-2020:

- Nemendur
 - Nýtt umsjónarkerfi í mótun
- Starfsfólk
 - Jafnlaunavottun.
 - Stjórnendur (samstarf)
 - Endurskoðun stofnanasamninga innan MH
- Umhverfismál
 - Grænfáni endurnýjaður
- Húsnæði
 - Miklar endurbætur og framkvæmdir innan- og utanhúss.
- COVID-19
 - Viðbrögð og úrvinnsla
 - Upplýsingaflæði
 - Kennslan
 - Inna
 - Teams
 - Zoom

- Heimasíða
 - Uppfæra og eyða eldri upplýsingum og tenglum
- Inna og upplýsingaflæði til nemenda
 - Notkun Innu og endurbætur
 - Fjarfundabúnaður


2 Lýsing á starfsemi

Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli í Reykjavík og starfar skv. *Lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008*.


Hlutverk skólans er, samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum óbundins áfangakerfis. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. framhaldsskólalögum frá 2008 og aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2011: Félagsfræðibraut, málabraut, náttúrufræðibraut, opin braut, tónlistarbraut, listdansbraut og sérnámsbraut. Að auki er boðið upp á IB-nám samkvæmt sérstakri námskrá *International Baccalaureate Organisation*, þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs. Einingafjöldi á flestum brautum skólans er 205 einingar. Upplýsingar um skipulag þessara brauta má finna á vef skólans. Allir nemendur skólans stunda nám skv. framhaldsskólalögum frá 2008.

2.1 Nemendur

Í byrjun september 2019 var nemendafjöldi í MH 1201. Þar af voru 248 nýnemar og 44 innritaðir. Nemendur með stöðuna „innritaður“ eru eldri nýnemar sem koma úr öðrum skólum en ekki beint úr grunnskóla. Í byrjun janúar 2020 var nemendafjöldinn 1094 og þar af voru 29 innritaðir. Umsóknnum nýnema á vorönn hefur fækkað undanfarin ár og má rekja það til minni færslu á milli skóla vegna styttingar náms til stúdentsprófs.




Mynd 1 Vinnumat kennara miðast við nemendafjöldann 3 vikum eftir að kennsla hefst.



Mynd 2 Nýnemunum á vorönn hefur fækkað undanfarin ár og vorið 2020 voru það einungis 29 sem hófu nám í MH.

2.1.1 Útskriftarnemar

Útskrifaðir stúdentar á skólaárinu 2019-2020 voru alls 253. Haustið 2019 útskrifuðust 100 nýstúdentar og 153 í maí 2020.




Mynd 3 Munur á fjölda útskrifaðra nemenda á milli haustanna og voranna virðist fara minnkandi.

2.1.2 Listdansskólarnir

Skólinn er kjarnaskóli fyrir listdans og sér um utanumhald og skráningu á áföngum og einingum í listdansi fyrir alla framhaldsskóla. Fjórir listdansskólar hafa verið í þessu samstarfi en Haustið 2019 hætti Listdansskóli Reykjanesbæjar starfsemi.

	Haust 2019			Vor 2020		
	fjöldi	einingar	Einingar / nem	fjöldi	einingar	Einingar / nem
Listdansskóli Íslands	28	387	14	25	333	13
Listdansskóli JSB	37	239	6	38	681	18
Klassíski listdansskólinn	15	186	12	17	221	13

Skólaárið 2019-2020 voru skráðar einingar frá Listdansskóla Íslands hjá 28 nemendum að hausti og 25 að vori. Frá Listdansskóla JSB voru skráðar einingar hjá 37 nemendum að hausti og 38 að vori. Frá Klassíska listdansskólanum voru skráðar einingar hjá 15 að hausti og 17 að vori. Nemendur á listdansbraut MH voru 31 (þar af 13 nýnemar) á haustönn 2019 og 25 á vorönn 2020 (þar af 1 nemandi sem er einnig á náttúrufræðibraut).



Mynd 4 Meðalfjöldi eininga sem hver nemandi í listdansskólunum tekur á hverri önn er misjafn.

Nemendur sem stunda nám í listdansskólunum dreifast á marga framhaldsskóla. Fjöldi nemenda sem er í MH er 35 og af þeim voru 25 skráðir á listdansbraut vorið 2020 eða rúmlega 70%.

	Fjöldi nemenda alls	Alls í MH	Listdansbraut í MH	Fjöldi í öðrum framhaldsskólum
Vor 2020				
Listdanssskóli Íslands	25	16	15	9
Listdanssskóli JSB	38	16	8	22
Klassíski listdanssskólinn	16	3	2	13
Samtals	79	35	25	44

2.1.3 Námstími nemenda


Nemendur sem útskrifuðust vorið 2020 brautskráðust flestir skv. nýrri námskrá, þar sem fjöldi eininga til stúdentsprófs er 205 en ekki 215. Nemendum ætti að reynast auðveldara að ljúka náminu á þremur árum eftir þessar breytingar. Vorið 2020 voru nokkrir nemendur á opinni braut sem völdu að útskrifast skv. eldra kerfi þar sem nýtt skipulag hentaði þeim ekki miðað við þeirra áætlanir.

Eitt af markmiðum skólans er að hækka hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi á þremur árum frá innritun í MH, haustið eftir námslok grunnskóla. Í útskriftarhópnum vorið 2020 voru 48% nemenda 19 ára og luku þar með náminu á 3 árum. Hins vegar voru 45% orðin 20 ára. Fylgst verður áfram með námstíma nemenda og hann einnig skoðaður út frá fjölda anna sem nemendur taka í MH.



Mynd 5 Vorið 2020 voru 93% nemenda 19 eða 20 ára


Ef skoðaður er fjöldi anna sem nemendur eru í MH áður en þeir útskrifast þá sést að stúdentum sem ljúka námi sínu í MH á 6 önnum fjölgar og þeim fækkar sem eru 9 annir eða fleiri.



Mynd 6 Þó að það sé markmið að fjölga þeim sem ljúka stúdentsprófi á 6 önnum þá er það gleðiefni að sumir nemendur velja að vera lengur til að undirbúa sig betur undir framhaldsnám.

2.1.3.1 Loknar einingar nemenda

Nemendur á bóknámsbrautum skólans ljúka að jafnaði tæpum 30 einingum á önn. Nemendur á IB-braut luku flestum einingum að meðaltali eða 32,2. IB-námið er kennt í bekkjarkerfi og gæti það skýrt að nemendur þar ljúka flestum einingum að meðaltali. Þau eru öll sett í sömu áfangana og verða fylgja sama hraða og aðrir á brautinni. Aðrir nemendur geta ráðið meiru um hversu marga áfanga þeir taka hverju sinni og geta hætt í áföngum á miðri önn, sem nemendur á IB-braut geta ekki. Nemendur á listdansbraut og tónlistarbraut ljúka færri einingum á önn þar sem stór hluti námsins fer fram utan MH í samvinnu við tónlistarskóla og listdanskóla. Í stefnu skólans er viðmið um að nemendur ljúki a.m.k. 30 einingum á önn.




Mynd 7 Einingar á haustönn 2019. Í stefnu skólans er sett það viðmið að nemendur ljúki 30 einingum á önn. Nemendur á listdansbraut og tónlistarbraut taka stóran hluta námsins utan MH og eru því með færri einingar.

Nemendur teljast með fulla stundatöflu ef þeir hafa 36 einingar í töflu, þ.e. 7 bóknámsáfanga og einn í líkamsrækt. Til að ljúka námi á þremur árum þarf að taka að meðaltali 34,2 einingar á önn.

2.2 Starfsfólk

Við skólann starfa 80 til 90 kennarar á hverri önn, 3 yfirstjórnendur (rektor, konrektor og áfangastjóri), 1 fjármálastjóri, 3 námstjórar (sem jafnframt eru kennarar), 1 deildarstjóri fjölnámsbrautar, 1 sérkennari á fjölnámsbraut, 1 deildarstjóri IB-náms, 3 náms- og starfsráðgjafar í tæpum 3 stöðugildum, 1 sálfræðingur, 2 sérkennarar / táknaústúlkar, 2 bókasafns- og upplýsingafræðingar, 2 starfsmenn á skrifstofu í 1,5 stöðugildi, 1 og ½ kerfis- og tækjastjóri, 1 og ½ húsvörður, 0,6 skjalastjóri, 0,2 persónuverndarfulltrúi og 10-12 ræstitækna. Heildarfjöldi starfsmanna er að jafnaði um 120.



Mynd 8 Starfsfólki á bilinu 30-39 ára fer fækkandi en fjölgar í öðrum aldersflokkum

2.2.1 Mannabreytingar

Við mannabreytingar er eðlilegt að ferlar séu endurskoðaðir og aðgengi að upplýsingum bætt. Það er því kostur að þurfa að fara í gegnum mannabreytingar. Veturinn 2019-2020 fór einn námstjóri í námsorlof og einn nýr náms- og starfsráðgjafi bættist í hópinn. Einnig lenti áfangastjóri í slysi sem varð þess valdandi að hann var frá störfum í nokkra mánuði og gengu aðrir stjórnendur í hans verk. Það gekk mjög vel. Við sáum að stjórnendur skólans þekkja vel störf hver annars og undirstrikar þetta að það skiptir miklu máli að vinna saman sem heild en ekki hvert í sínu lagi. Upplýsingar eru aðgengilegar öllum stjórnendum á sameiginlegu svæði þeirra á TEAMS og hefur notkun á því stórbætt alla samvinnu.

2.2.2 Starfsánægja í MH

Eitt af markmiðum MH er að auka starfsánægju starfsmanna og þau gögn sem eru lögð til grundvallar er könnunin Stofnun ársins og starfsmannasamtöl.

Veturinn 2019-2020 voru tekin viðtöl við íslenskukennara, sögukennara, félagsgreinakennara og líkamsræktarkennara. Samtölin fóru flest fram í nóvember og desember og þeim lauk í janúar. Engin viðtöl fóru fram vorið 2020 þar sem COVID-19 breytti ýmsu í skólasterfinu.

Á starfsmannafundi í vor kynnti fulltrúi frá Gallup niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins fyrir MH. Hátíðinni, sem venjulega er haldin að vori, var frestað þar til í byrjun október vegna COVID-19 ástandsins. Þátttakan í MH í ár var 73% sem er nokkuð hærra tala en undanfarin ár. Í könnuninni kom meðal annars fram að þættirnir stjórnun, starfsandi og jafnrétti komu mjög vel út en vinnuskilyrði og sveigjanleiki í starfi síður. Þessir síðarnefndu þættir koma oftast illa út hjá ríkisstofnunum. Meðaleinkunn skólans hækkaði úr 4,20 í 4,33 sem var einkar jákvæð niðurstaða og leiddi til þess að skólinn endaði í 5. sæti, í sínum flokki, yfir stofnanir ársins 2020.

Ferðir starfsmanna á Bett-ráðstefnuna í London eru nú orðnar að árlegum viðburði. Í vetur fóru 3 kennarar (íslensku-, ensku-, jarðfræðikennari), fulltrúi á skrifstofu, náms- og starfsráðgjafi, starfsmaður á bókasafni og námstjóri raungreina á Bett. Tveir kennarar til viðbótar sóttu ráðstefnuna á eigin vegum.

Keyptir voru tveir hljóðeinangrandi stólar, fyrir 4, á kennarastofuna þar sem starfsmenn geta setið og spjallað saman í ró og næði og útilokað utanaðkomandi áreiti, eða bara notið einverunnar.

Um páskana fengu starfsmenn glaðning í formi páskaeggs og á vordögum fengu allir starfsmenn fallegan merktan vatnsbrúsa til eignar.

Deildirnar í skólanum hafa einnig verið að gera ýmislegt til að bæta umhverfi sitt og líðan starfsmanna, t.d. kaupa hægindastóla og sófa inn á vinnustofur sínar.

Ofangreindar aðgerðir miða að því að auka starfsánægju, bæta og efla starfsaðstöðu og auka samstarf.

2.2.3 Endurskoðun stofnanasamninga í MH

Stofnanasamningar félaga í KÍ og Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga voru endurskoðaðir á vorönn 2020. Haldnir voru nokkrir fundir þar sem samstarfsnefndir fóru yfir málin og helstu breytingar voru ræddar.

Meðal nýjunga í stofnanasamningi KÍ-félaga má nefna að útbúinn var listi yfir verkefni sem kennurum er greitt sérstaklega fyrir og er hann aðgengilegur starfsmönnum á sameiginlegu svæði á Teams. Þar kemur m.a. fram að nú er greitt launaþrep fyrir vinnu í umhverfisnefnd og jafnréttisnefnd og tekur sú ákvörðun gildi haustið 2020.

Nýir stofnanasamningar voru undirritaðir í júní og eru aðgengilegir á sameiginlegu svæði starfsmanna á Teams.

2.3 Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði skólans er ríflega 10.000 fermetrar að stærð. Húsið skiptist í eldra hús sem er um 7000 fermetrar og nýrri byggingu (frá árinu 2007) sem er um 3000 fermetrar. Kennslustofur eru 38, þar með talið kennslueldhús og raungreinastofur. Auk þess eru kór og leiklist kennd í hátíðarsal skólans sem nefnist Mikligarður. Í nýrri byggingunni eru auk þess þrjár misstórir líkamsræktarsalir og þrektækjasalur. Aðgengi fyrir fatlaða/hreyfihamlaða er gott í skólanum, bæði að kennslustofum og almennum rýmum. Lyftur eru á tveimur stöðum í skólanum sem nemendur og starfsfólk hafa aðgang að. Auk þess eru skábrautir þar sem við á.

Stofunýting er mjög góð. Erfitt er finna lausar kennslustofur á kennslutíma þar sem stofur eru oftast allar uppteknar til kl. 16:15 á daginn. Skák og norsku- og sænskukennsla fer fram eftir kl. 16:15 og einnig hafa listdanskólarnir og Siðmennt nýtt kennslurými eftir að hefðbundinni kennslu lýkur. Hagaskóli nýtti íþróttahús MH á föstudögum, veturinn 2019-2020. Nemendafélagið og nemendur nýta stofur skólans fyrir ákveðna starfsemi að fengnu leyfi sem sótt er um á skrifstofu. Norðurkjallari er í umsjón nemendafélagsins og er hann nýttur í ýmsa viðburði tengdum félagslífi nemenda.

Á hverju ári er gerð framkvæmdaáætlun sem miðar að því að bæta aðbúnað og vinnuástandið nemenda og starfsfólks. Nokkuð hefur verið um viðhald á húsnæðinu og húsgögn verið endurnýjuð og er það ferli sem er sífellt í gangi. Í maí 2019 fór af stað vinna við umbætur í MH í samvinnu við arkitekt skólans og arkitektastofuna hans, Hornsteina, og Fasteignir ríkisins. Löngu var tímabært að lagfæra margt innanhúss og annað hafði aldrei almennilega verið klárað. Framkvæmdir hófust við salerni á Matgarði haustið 2019 og vorið 2020 var haldið áfram með þær. Unnið var að því að búa til stóra kynlausa aðstöðu sem einnig væri innangengt í úr Norðurkjallara. Kennslustofur á suðurgangi, stofur 19 til 27, voru einnig teknar í gegn. Fyrirhugað er að bæta aðstöðu til myndlistarkennslu í skólanum en þær framkvæmdir hefjast ekki fyrr en í lok árs 2020 ásamt framkvæmdum við viðtalsherbergi fyrir kennara og starfsfólk. Rafhleðslustöðvar fyrir fjórar bifreiðar voru teknar í notkun í september 2019 á bílastæðum skólans og hafa þær verið vel nýttar.

Upphækkunleg skrifborð hafa verið sett í allar kennslustofur í eldra húsnæði skólans og í ágúst 2020 fengu nokkrar kennslustofur ný húsgögn fyrir nemendur, há borð og upphækkunlega stóla.

2.3.1 Skrifstofa skólans

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá klukkan 8.30 til 12.00 og frá 12.30 til 15.30. Á lokunartíma er sjálfvirkur símsvari sem gefur upp opnunartíma.

Starfið á skrifstofu skólans felst að miklu leyti í því að svara erindum sem berast í tölvupósti eða gegnum síma. Mörg þessara erinda snúast um að bæði fyrrverandi og núverandi nemendur óska eftir afritum af stimpluðum og undirskrifuðum gögnum. Þessi gögn eru aðallega afrit af stúdentsprófsskírteinum á íslensku og ensku sem til eru á báðum tungumálum. Einnig er beðið um áfangalýsingar, sem eru oftast til, en ef ekki eru viðkomandi námstjórar beðnir um að útbúa þær. Mikið er um að nemendur, bæði núverandi og fyrrverandi, óski eftir staðfestingu á skólavist. Þær er hægt að nálgast á fljótlegan og þægilegan hátt í INNU á íslensku. Hins vegar þarf að útbúa staðfestingu á ensku sérstaklega fyrir hvern og einn og það getur verið tímafrekt. Það væri til bóta ef hægt væri að nálgast enska útgáfu staðfestingar á skólavist á sama hátt og íslensku útgáfuna.

Krafa um að hægt sé að nálgast gögn rafrænt er alltaf að aukast hjá þeim sem leita til skrifstofu skólans. Samkvæmt persónuverndarlögum er ekki löglegt að senda persónugreinanleg skjöl út í tölvupósti. Það væri mikil hagræðing ef hægt væri að senda þessi skjöl rafrænt og á öruggan máta.

Verkefni fulltrúa á skrifstofu eru m.a.:

- Almenn móttaka nemenda og annarra sem leita á skrifstofuna.
- Upplýsingagjöf.
- Svörun tölvupósta og símtala.

- Útgáfa vottorða um skólavist og útgáfa einkunnaferla.
- Viðveruskráning og umsjón með veikindaskráningu.
- Umsjón og útleiga skápa til nemenda.
- Umsjón með upplýsingaskjá.
- Önnur verkefni í samráði við stjórnendur.


2.3.2 Bókasafnið

Nemendur skólans geta fengið vinnu á bókasafninu þegar þeir eru með eyður í stundatöflu. Það eru oftast 12-13 nemendur sem skipta á milli sín 40 stundum á viku. Notkun á safngögnum hefur farið örlítið minnkandi milli ára og voru tæp 7000 útlán í ár miðað við 9000 í fyrra. Þar af eru um 5000 innanhússlán þar sem kennslubækur, orðabækur, tæki og tól eru lánuð. Þar af eru útlán á tækjum, þ.e. tölvum, heyrnartólum og reiknivélum rúmlega 1500.

Notkun á vinnuaðstöðu nemenda á safninu var svipuð milli ára. Bókasafnið er ágætlega nýtt meira og minna allan daginn.

2.3.3 Matsalan Sómalía


Í matsölu nemenda, Sómalíu, er matsölustjóri í 100% starfi og aðstoðarkona í 40% starfi. Það hefur alltaf verið eftirsóknarvert fyrir nemendur að starfa í matsölunni en tími nemenda til að sinna aukavinnu hefur minnkað eftir styttingu náms til stúdentsprófs. Nemendur hafa einfaldlega mun fleiri tíma í töflu en áður og hafa því minni tíma til að sinna öðru.



Mynd 9 Fjöldi nemenda sem tekur að sér að vinna í Sómalíu með námi hefur minnkað.

2.4 Kennslustundir og áfangar

Áfangaframboð í skólanum hefur verið svipað síðustu árin hvað viðkemur fjölda áfanga. Áfangaframboð er auglýst í október og mars í tengslum við val nemenda og út frá því er ákveðið hvaða áfanga skuli kenna á komandi önn. Á hverri önn eru oftast einn eða fleiri nýir áfangar og eldri áfangar eru látnir skiptast á milli anna. Verið er að vinna að því að setja upp skýrari mynd af hvaða áfangar eru kenndir á hverri önn og hvaða áfangar eru eingöngu kenndir á haustin eða eingöngu kenndir á vorin.



Mynd 10 Í sumum hópum geta verið einungis 2 eða 3 nemendum eins og t.d. P-hópar og IB-hópar.

2.5 Kennslukerfið Inna

Kennslukerfið Inna er í stöðugri þróun. Á vegum fyrirtækisins Advania eru stýrihópar með kennurum og starfsfólki úr framhaldsskólum landsins. MH á fulltrúa í stýrihópi sem hefur það að markmiði að veita Advania upplýsingar um hvernig ákveðin mál snúa að skólarekstrinum. MH á einnig fulltrúa í stýrihópi tengdum stjórnunarhluta Innu og annan í stýrihópi tengdum námshluta Innu.

Við í MH viljum nota Innu sem mest til að sýnileiki námsefnis og verkefna sé sem mestur. Við tókum eftir því á vorönn 2020 að notkun Innu jókst mikið. Hver einasti kennari setti gögn og upplýsingar fyrir nemendur inn í Innu og voru margir að uppgötva kosti kerfisins í fyrsta skipti.

Prófin í vor voru mörg hver lögð fyrir í gegnum Innu og tókst það að flestu leyti vel. Helsti gallinn var sá að dæmi voru um að nemendur virtu ekki reglur um akademísk heilindi.

2.6 Fjármál


Ársveltan á árinu 2019 var 1.742,5 millj. kr. og afkoma -3,3 millj. Veltan hækkar um rúmar 200 milljónir króna á milli rekstrarára. Rekstrarstaða skólans var nokkurn veginn í samræmi við áætlanir. Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign kr. 45,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 184,9 milljónir. Launaþátturinn í ársuppgjöri var rúmar 1200 milljónir króna. Góð rekstrarstaða hefur gefið skólanum tækifæri til að endurnýja húsbúnað og tæki inni í kennslustofum sem er jákvætt fyrir skólastarfið og á komandi árum er stefnt að frekari endurnýjun.

2.7 Kennslukannanir

Kennslukannanir eru framkvæmdar á hverri önn og er þeim skipt eftir deildum. Flestar námsgreinar gangast undir kennslukannanir á þriggja anna fresti. Markmiðið er að fá endurgjöf frá nemendum um það sem vel er gert og hvað má betur fara. Nemendur eru hvattir til að koma með uppbyggilega gagnrýni eins og við á en ekki síður hrósa fyrir það sem vel er gert. Kannanirnar eru framkvæmdar í INNU og eru þær lagðar fyrir þegar u.þ.b. 3 vikur eru eftir af kennslu viðkomandi námsannar. Matinu er skipt upp í eftirfarandi flokka: Áfanginn (5 sp.), nemandinn (3 sp.), kennslan (4 sp.) og kennarinn (3 sp.). Allir kennarar fá niðurstöður birtar í INNU auk þess sem samantekt er dreift á hvern og einn kennara þar sem koma fram meðaleinkunnir eftir kennslu- og kennaraspurningum. Í starfsmannaviðtölum er farið yfir kannanirnar eins og hæfir hverju sinni en kennarar velta þeim mismikið fyrir sér. Auðvitað eru þær ekki besta mat á áfanga eða kennslu en þær ættu að vera vísbending um það sem vel er gert og einnig ef eitthvað má bæta. Gerðar eru kannanir í IB samhliða en þær eru ekki hafðar með hér.

2018V	99	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar
2018H	72	Raungreinar og stærðfræði
2019V	87	Erlend tungumál
2019H	132	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar og íþróttir
2020V		Engar kennslukannanir voru gerðar í Innu vegna aðstæðna í COVID-19

Að okkar mati hefur þátttaka í könnunum ekki verið nógu mikil þó að mikið sé ýtt á nemendur og þau hvött til að taka þátt.




Mynd 11 Þátttaka í kennslukönnun virðist ekki vera efst á verkefnalista nemenda

Í kjölfar kennslukönnunar eru kennarar kallaðir í viðtal hjá stjórnendum þannig að þeir fái endurgjöf á matið. Velta má fyrir sér hvort þetta fyrirkomulag sé nógu skilvirkt þar sem þátttaka nemenda er ekki nógu góð. Kannski sjá þeir ekki tilgang með því að taka þátt þar sem þeir sjá aldrei neinar niðurstöður. Þar með vantar hvatann til að leggja sitt af mörkum.

2.8 Nýnemar

Fjöldi nýnema í MH að hausti hefur minnkað síðustu árin. Haustið 2019 hófu 292 nýir nemendur fullt nám í MH og haustið 2020 er gert ráð fyrir 278 nýjum nemendum í fullt nám. Inni í þessum tölum eru ekki nemendur sem koma í skólann vegna sænsku eða norsku en þeir geta verið um 60 til 70 talsins.



Mynd 12 Nýnemum í MH fer fækkandi milli ára


Nýnemar á hverju hausti eru settir í lífsleikniáfangar og frá og með haustinu 2019 tók í gildi nýtt umsjónarkerfi. Nýnemar taka lífsleikni að hausti og næstu þrjár annir á eftir er kennarinn sem kenndi þeim lífsleikni umsjónarkennari þeirra og fylgir þeim eftir. Umsjónarkennarinn fylgdist með námsframvindu og er nemendum til upplýsinga og aðstoðar á meðan á námi stendur. Umsjónarkennarinn getur kallað nemandann til sín í viðtal þegar þörf er á og einnig er boðið upp á

sérstaka valtíma áður en eiginlegt val áfanga næstu annar hefst. Þetta var gert í fyrsta skipti vorið 2020 og var mæting í þennan valtíma ekki góð en við vonum að það hafi verið byrjunarörðugleikar. Fyrirhugað er að umsónarkennarar geti boðið upp á regluleg viðtöl en skortur á viðtalsrými veldur því að ekki er hægt að gera það að svo stöddu. Verið er að vinna í að finna lausn á því.


Á fyrsta kennsludegi að hausti eru nýnemar boðnir velkomnir í skólann af eldri nemendum. Sú athöfn er alfarið í höndum nemendafélagsins og bíða stjórnendur spenntir hvert haust eftir að sjá hverju verður bryddað upp á. Haustið 2019 var nemendum safnað saman í leikfimisal skólans undir stjórn nemendafélagsins og eftir það var þeim boðið upp á kleinur og safu á Matgarði. Eftir venjulegan kennsludag var farið upp í Öskjuhlíð, upp að Beneventum, og nýnemarnir vígðir inn í NFMH.

Í byrjun annar fá foreldrar nýnema kynningu á skólastarfinu þar sem farið er yfir starfsemi skólans, umhverfi nemendanna og helstu starfsmenn eru kynntir. Kórinn syngur nokkur lög og veitingar eru seldar til styrktar honum.

Foreldrafélag skólans heldur aðalfund að hausti og er með fræðslukynningar sem foreldrum er boðið að taka þátt í, jafnvel í samstarfi við aðra skóla. Fræðslufundur skólaársins 2019-2020 var ekki haldinn þar sem COVID-19 setti strik í reikninginn.



Mynd 13 Von er á sambærilegum fjölda nýnema haustið 2020 og var haustið 2019




Mynd 14 Vinsældir brautanna eru misjafnar og spurning hver framtíðin verður. Haustið 2020 var hætt að innrita á tónlistarbraut og teljum við opnu brautina geta komið í staðinn.

Opna brautin er langvinsælust en þar gefst nemendum kostur á að velja sér sjálfir hvaða námsgreinar þeir vilja leggja áherslu á. Þeir velja sér 3 kjörgreinar og þurfa að taka 25 einingar í fyrstu kjörgrein, 20

í annarri og 15 í þeirri þriðju. Samsetning kjörgreina er mjög mismunandi og sýnir oft mikið hugmyndaflug. Ef nemandi velur t.d. stærðfræði sem fyrstu kjörgrein þá tekur hann 7-10 áfanga í stærðfræði (35-50 einingar). Ef nemandi velur íslensku sem fyrstu kjörgrein þá getur hann verið með 10-15 áfanga (50-75 einingar) í íslensku í stúdentsprófi sínu.

Nemendur sem koma inn í skólann eru flestir með góðar einkunnir og er oft mikil samkeppni að komast inn.



Mynd 15 Einkunnin Annað er gefin þeim sem eru með * eða undanþágur sem oftast á við IB-nemendur eða nemendur sem eru að flytja til landsins og skiluðu ekki inn einkunn.


Langflestir nemendur sem innritast í skólann eru með B+ og B í einkunn í stærðfræði og íslensku úr grunnskóla. Fleiri nemendur innritast með A í stærðfræði en í íslensku og á móti eru fleiri nemendur með B+ í íslensku en í stærðfræði. Þeir nemendur sem koma inn með C í stærðfræði eru settir í fornámsáfangu í stærðfræði. Þessar einkunnir eru mjög áþekkar einkunnum haustanna 2018.



Mynd 16 Nýnemar eru með hærri einkunn í ensku en dönsku.


Fleiri nemendur koma inn með A og B+ í ensku en dönsku sem gefur kannski vísbendingu um málumhverfið sem nemendur alast upp í. Fjórir nemendur, sem innrituðust haustið 2019, voru með C í dönsku en aðeins einn í ensku.

Meðaleinkunn úr íslensku, stærðfræði og ensku er reiknuð með því að umreikna bókstafi yfir í tölur þar sem hæsta einkunn A er 4 og lægsta einkunn C er 2. Þessar meðaleinkunnir segja ekki allt og eru bara til viðmiðunar til að þægilegt sé að skoða og bera saman. Í mörgum tilfellum er það ekki meðaleinkunnin sem ræður úrslitum hvort nemandi kemst inn í skólann eða ekki.



Mynd 17 Í þessum áföngum eru aðallega nýnemar haustannar 2019 en þarna má líka finna nemendur sem hafa fallið í áföngunum og eru að endurtaka þá. Líka eru dæmi um að nemendur geymi áfanga.


Tvöföld hraðferð er skilgreind þannig að efni tveggja fyrstu áfanga fagsins er kennt í einum áfanga, svokölluðum AB-áfanga. Miðað er við að nemendur geti farið á annan hátt í gegnum efnið þar sem þeir hafi mjög góðan undirbúning og minna þurfi að rifja upp með þeim. Boðið hefur verið upp á AB-áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku. Nýnemar eru að jafnaði með hæstu einkunnirnar í ensku, af þessum þremur áföngum. Munur milli ára er ómarktækur. Nokkur munur er á árangri nýnema í tvöföldu hraðferðunum og erfitt að geta sér til um skýringar en nokkur munur getur verið á þeim nemendum sem innritast í áfangana hverju sinni þótt einkunnir séu þær sömu.



Mynd 18 Tvöfalda hraðferðin reynist strembin þar sem mikið úlag er á nemendum og miklar væntingar gerðar til þeirra.

2.9 Námsbrautir

Menntaskólinn við Hamrahlíð býður upp á nám á sex brautum til stúdentsprófs auk fjölnámsbrautar og IB-brautar (International Baccalaurate). Haustið 2019 innritast nýnemar á 205 eininga námsbrautir fyrir utan listdansbraut og tónlistarbraut eins og áður hefur komið fram. Flestir nemendur stunda nám á opinni braut (42%) og náttúrufræðibraut (22%). Nemendum hefur fækkað á mála- og félagsfræðabraut með tilkomu opnu brautarinnar enda geta nemendur á opinni braut valið sér sérhæfingu sem hæfir best því námi sem þeir hyggjast leggja stund á í framtíðinni.



Mynd 19 Opna brautin krefst mun meiri eftirfylgni og utanumhalds.

Listdansbraut var staðfest vorið 2020 og fjölnámsbraut er í staðfestingarferli.

2.9.1 IB-braut

Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur boðið upp á IB-nám síðan 1997. Til að mega bjóða upp á IB-nám þarf að fara gegnum strangt umsóknarferli IB-samtakanna (IBO) og uppfylla ýmis skilyrði. IB-námið er í raun tvískipt. Annars vegar er eins árs undirbúningur, Pre-IB, og hins vegar tveggja ára námsbraut, IB Diploma. Henni lýkur með IB Diploma sem er ígildi stúdentsprófs. Útskriftarefni þreyta samræmd skrifleg lokapróf í maí á sama tíma og þúsundir annarra IB-nemenda úti um allan heim. Nemendurnir taka þátt í útskriftarathöfn MH en það kemur ekki í ljós fyrir en í júlí ár hvert hvort nemendur hafi náð IB Diploma eða ekki.


Nemendahópurinn er mjög fjölbreyttur og endurspeglast það meðal annars í móðurmálsvali. IBO leggur mikla áherslu á að nemendur læri sitt móðurmál og kynnist menningu síns heimalands gegnum bókmenntir. IB býður þar af leiðandi upp á sjálfsnám í flestum tungumálum heims. Í MH er boðið upp á kennslu í ensku og íslensku. Önnur móðurmál eru í boði sem sjálfsnám undir handleiðslu móðurmálskennara.

2.9.2 Kjörgreinar á opinni braut

Nemendur velja sér þrjár kjörgreinar, eins og áður hefur komið fram, og tvær fyrstu koma fram á stúdentsprófsskírteininu þeirra.

Athyglisvert er að skoða kjörgreinar útskriftarefna á opinni braut. Enska, sálfræði, saga og stærðfræði eru vinsælustu fyrstu kjörgreinar og enska er vinsælust sem önnur kjörgrein hjá útskriftarefnum síðustu ára.

Kjörgrein 1 haust 2019	Kjörgrein 2 haust 2019	Kjörgrein 1 vor 2020	Kjörgrein 2 vor 2020
enska 12	enska 12	sálfræði 17	enska 14
sálfræði 10	félagsfræði 4	enska 15	líffræði 10
saga 8	sálfræði 4	saga 11	sálfræði 10
stærðfræði 6	íslenska 4	stærðfræði 10	félagsfræði 8
myndlist 3	saga 4	myndlist 4	leiklist 5
íslenska 2	líffræði 3	félagsfræði 3	saga 5
jarðfræði 1	stærðfræði 3	heimspeki 3	íslenska 3
leiklist 1	jarðfræði 2	líffræði 3	jarðfræði 3
norska 1	franska 2	spænska 3	myndlist 3
þýska 1	eðlisfræði 1	íslenska 2	stærðfræði 3
	heimspeki 1	leiklist 2	efnafræði 2
	leiklist 1	efnafræði 1	heimspeki 2
	myndlist 1	franska 1	þýska 2
	þjóðhagfræði 1	jarðfræði 1	danska 1
	þýska 1		franska 1
	danska 1		nijóðfæraleikur 1
			japanska 1
			spænska 1
			sænska 1



2.10 Stöðumat


Skólinn hefur boðið nemendum upp á stöðumat í fjölmörgum tungumálum og fer það fram í byrjun annar. Námstjóri tungumála sér um skipulagninguna. Stöðumat er algengast í spænsku, ensku, dönsku, þýsku, ítölsku og frönsku. Boðið er upp á stöðumat í öðrum tungumálum ef þess er óskað. Hingað til hefur þessi þjónusta verið nemendum að kostnaðarlausu en frá og með hausti 2020 þarf að greiða fyrir stöðumat.

Skólinn heldur stöðupróf í norsku og sænsku fyrir alla sem treysta sér í það, sama úr hvaða skóla þeir koma. Nánari lýsing á stöðuprófi í norsku og sænsku er á heimasíðu skólans en umfang þess er öðruvísi en annarra tungumála.

2.11 Skólasókn

Skólasókn nemenda var með ágætum og voru 46% nemenda með 10 í einkunn í skólasókn haustið 2019 og 13% með 9 í einkunn. Vorið 2020 fengu allir S=staðið í skólasókn þar sem COVID-19 setti strik í kennslu og viðmið um viðveru.

Nemendur þurfa að sýna fram á 80-82% skólasókn til að fá einkunnina 5. Um leið og mæting nemenda fer undir 80% viðmið á önn eru þeir kallaðir til áfangastjóra og fara í viðtal hjá náms- og starfsráðgjöfum.



Mynd 20 Vorið 2020 var gefin einkunnin 5 í skólasókn þar sem skólastarf fór fram við sérstakar aðstæður vegna COVID-19.

Það er vissulega gleðiefni að mæting nemenda er almennt séð með ágætum.

Þegar farið er yfir mætingar í lok hvern annar þá fá þeir sem eru með langtímavottorð eða eru undir sérstöku eftirliti náms- og starfsráðgjafa einkunnina *staðið* í staðinn fyrir *fall*. Þeir sem eru með einkunnina *fall* hafa svo sannarlega ekki mætt vel og hafa ekkert sér til málsbóta.

	Fall	Staðið	Einkunn 5 - 7	Einkunn 8 - 10
V2016	3%	7%	31%	59%
H2016	2%	5%	25%	67%
V2017	4%	5%	31%	60%
H2017	4%	5%	26%	65%
V2018	6%	7%	31%	56%
H2018	4%	5%	25%	66%
V2019	4%	5%	29%	62%
H2019	6%	1%	25%	68%

Vorið 2020 tóku nýjar skólasóknarreglur gildi og fólust þær aðallega í meira eftirliti með nemendum.

Tvær vörður voru settar: Annars vegar er raunmæting könnuð eftir 5 vikur og hins vegar er staðan könnuð eftir að 10 vikur eru liðnar af önninni.

Þegar fimm vikur voru liðnar af vorönn 2020

var mæting nemenda skoðuð. Samband var

haft við þau voru með undir 60% raunmætingu. Þeim var gert að hætta í viðkomandi áfanga ef engar eðlilegar skýringar fundust á fjarverunni. Um 90 nemendum var vísað úr áföngum vegna lélegrar mætingar fyrstu 5 vikurnar.

Eftirfylgni sem átti að eiga sér stað eftir 10 vikur af önninni gekk ekki þar sem við vorum þá komin í COVID-19 aðstæður og öll viðmið erfiðari í framkvæmd. Það á því eftir að láta reyna betur á reglurnar. Hins vegar má segja að tilfinningin eftir fyrstu skoðun, eftir 5 vikur, hafi verið sú að nemendur voru mjög sáttir við að fá tækifæri til að hætta í áföngum sem þau sinntu illa. Þeim fannst gott að taka ákvörðunina strax í stað þess að draga hana á langinn fram eftir önninni.

2.12 Náms- og starfsráðgjöf

Þrjár náms- og starfsráðgjafar eru starfandi við MH í samtals 2,6 stöðugildum.

Margvíslegar ástæður liggja fyrir komu nemenda til náms- og starfsráðgjafa. Þær eru ýmist tengdar ráðgjöf vegna námsins eða persónulegra mála. Námsleg ráðgjöf er t.d. vinnulag, tímastjórnun, val, prófundirbúningur, frestun, námserfiðleikar eða skólaskipti. Persónulegir erfiðleikar nemenda geta

verið vegna veikinda nemenda og/eða aðstandenda þeirra, heimilisaðstæðna, kynhneigðar, vímuefnavanda, fátæktar, ofbeldis, átröskunar, skólasóknar, streitu og geðrænna veikinda. Einnig koma mál sem varða samskipti milli einstakra nemenda og/eða milli nemenda og kennara inn á borð náms- og starfsráðgjafa.

Nemendur sem þurfa frekari ráðgjöf og stuðning frá náms- og starfsráðgjöfum eru sérstaklega skráðir hjá viðkomandi ráðgjafa í Innu. Þetta voru 167 nemendur á vorönn 2020. Þessir nemendur koma oftast en ekki vikulega og er oft samstarf við foreldra þeirra og jafnvel sérfræðinga utan skólans. Almenn aðgengi að ráðgjöfum er mjög gott í MH og nýtir fjöldinn allur af nemendum sér þjónustu þeirra. Sumir koma aðeins einu sinni á meðan aðrir koma oftast. Sérstaklega mikil ásókn er í viðtöl í upphafi annar, kringum val nemenda og á álagstímum hvað varðar verkefnaskil og próf.

Áfanginn STUÐ1AB01 gengur út á hópráðgjöf í umsjón náms- og starfsráðgjafa og styður við nemendur í brotthvarfshættu. Þetta skólaár varð sú breyting á að nemendur fengu eina einingu fyrir áfangann og tímum var fjölgað um einn.

Tveir hópar voru í áfanganum á haustönn 2019, alls 13 nemendur. Samtals náðu þessir nemendur 43 fleiri einingum önnina sem þeir tóku STUÐ1AB01 en önnina á undan. Af þessum 13 nemendum eru núna 2 hættir í MH en fóru í annan skóla og 3 fóru í leyfi. Sextán nemendur skiptust í tvo STUÐ-hópa á vorönn 2020. Samtals náðu þeir nemendur 137 fleiri einingum önnina sem þeir tóku STUÐ1AB01 en önnina á undan. Af þessum nemendum eru 2 að fara í annan skóla en aðrir munu halda áfram námi í MH.

2.13 Námsverið

Í námsverið leitar fjölbreyttur hópur nemenda skólans sem á í námslegum, félagslegum eða tilfinningalegum vanda. Erfiðleikar nemenda eru sértækir þannig að öll aðstoð er einstaklingsmiðuð. Aðstoðin er fyrst og fremst aðstoð við heimanám, aðstoð við að skilja texta í námsefni og verkefnum og við yfirlestur ritgerða og verkefna. Einnig er mikið um aðstoð við fyrstu tvo áfangana í stærðfræði. Í námsveri starfa tveir kennarar.

Á haustönn 2019 komu 122 nemendur í námsverið sem er um 11% nemenda skólans. Á vorönninni voru nemendurnir 83 sem eru tæp 8% nemenda skólans. Þessa fækkun má trúlega rekja til þess að skólinn lokaði um miðjan mars vegna COVID-19 en vanalega bætast nýir nemendur við alla önnina. Nemendafjöldinn var samt meiri en á vorönn 2019 þegar 5% nemenda sóttu námsver.

Skólinn tilnefndi námsverið í MH til Gulleplisins sem eru verðlaun á vegum Embættis landlæknis en þar var óskað eftir tilnefningum um hvernig framhaldsskólinn styðji við jákvæð skólatengsl og vinnur gegn því að nemendur „týnist“ eða verði utanveltu í skólastarfinu. Í tilnefningunni kom m.a. eftirfarandi fram um markmið námsversins:

- Styðja nemendur í námi
- Skapa umhverfi fyrir nemendur sem þeim líður vel í
- Mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur
- Finna lausnir sem henta hverjum og einum

Einnig var bent á að stuðningurinn sem námsverið veitir hefur skipt sköpum og haft gríðarlegt gildi fyrir marga nemendur. Mörg dæmi eru um að nemendur tjái sig opinskátt um það að án námsversins hefði þeim aldrei tekist að ljúka tilteknum áföngum og þar með stúdentsprófi frá skólanum. Umhyggjusemin og stuðningurinn sem nemendur upplifa í námsverinu færir þeim þá tilfinningu að þeir tilheyri hópi sem þeir geta treyst.

2.14 Sálfræðingur

Sálfræðingur hefur starfað við MH síðan haustið 2016 í 75% starfshlutfalli. Sálfræðingur býður almenna skólasálfræðiþjónustu og hefur útfært starfið í samstarfi við starfsfólk skólans og nemendur.

Sálfræðingur þjónar nemendum og styður þá með því að veita viðtöl, ráðgjöf, fræðslu og halda námskeið. Hann leggur mat á vanda nemenda og leitar viðeigandi lausna hverju sinni. Lögð er áhersla á fyrirbyggjandi inngrip og forvarnarvinnu. Sálfræðingur hefur einnig lagt kannanir fyrir nemendur þar sem spurt er um margt sem snertir daglegt líf þeirra, nám og líðan.

Skólapúlsinn

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja úrtak nemenda í skólanum spurninga um líðan þeirra, virkni í náminu og um skóla- og bekkjaranda. Eftirtaldir þættir eru metnir: Velliðan, lífshamingja, kvíði, þunglyndi, stjórn á eigin lífi, sjálfsálit, svefnvenjur, samsömun við nemendahópinn, viðhorf til skólans, stuðningur kennara, samband við kennara, einelti, áreitni og ofbeldi.

[Nánar má lesa um starfsemi á vegum sálfræðingsins á heimasíðu skólans.](#)

2.15 Umhverfismál

Umhverfismál eru mikilvægur hluti af starfi skólans. Í skólanum er starfrækt umhverfisnefnd skipuð bæði nemendum og starfsfólki. Skólinn er þátttakandi í grænánaverkefni Landverndar og frá því að skólinn hlaut sinn fyrsta grænána vorið 2016 hefur það verið markmið okkar að halda áfram að taka framfaraskref í þágu umhverfisins og hljóta annan fána. Þeim áfanga var náð á haustönn 2019 en skólinn tók við sínum öðrum grænána þann 15. nóvember við hátíðlega athöfn á sal. Til þess að hljóta grænánann þurfti skólinn að sýna framfarir í umhverfismálum frá síðustu fánaveitingu. Á umsóknartímabilinu var lögð áhersla á umbætur á flokkun og endurvinnslu úrgangs, í samgöngumálum, umhverfisfræðslu og nærumhverfi. Hér eru dregnar saman helstu úrbætur síðustu missera:

- Fjögur hleðslustæði fyrir rafmagnsbíla voru tekin í notkun við upphaf haustannar 2019.
- Reynt er að hafa umhverfistengd fræðsluerindi fyrir starfsfólk og nemendur skólans minnst einu sinni á skólaári. Sem dæmi má nefna að á vorönn 2020 var haldin samkoma á sal sem bar titilinn „Loftslagið og samtal kynslóðanna“ þar sem feðginin Eir Ólafsdóttir, nemi við MH og tónlistarkona, Ólafur Páll Jónsson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, og hljómsveitin Ateria gerðu yfirvofandi loftslagshamfarir að umfjöllunarefni sínu.

Skólinn er áfram þátttakandi í grænánaverkefninu og mun vinna að frekari framförum svo þriðji fáninn geti orðið að veruleika. Skólinn þarf nú að setja sér ný markmið en því miður gerðist fremur lítið í umhverfismálum skólans á vorönn 2020 vegna röskunar á skólastarfi sökum COVID-19.

2.16 Tölvumál

MH hefur nú alfarið innleitt Microsoft 365 (áður Office 365) fyrir kennara og aðra starfsmenn. Nemendur eru einnig komnir í þetta umhverfi. Búið er að færa alla póstvinnslu í skýið en nemendur hafa ekki MH netfang. 145 kennarar og aðrir starfsmenn nota „Microsoft 365 for faculty“ og rúmlega 1100 nemendur nota „Microsoft 365 for students“. Allir Microsoft 365 notendur hafa aðgang að 1TB plássi á Onedrive til að vista sín gögn. Notkun á Teams hefur aukist gríðarlega. Margir kennarar hafa nýtt sér Teams í fjarkennslu sem kom til vegna COVID-19 og fundir í skólanum hafa margir verið haldnir í gegnum Teams af sömu ástæðu. Þekkingin á kerfinu er því orðin mun almennari nú.

Allir kennarar og flestir aðrir starfsmenn skólans fá fartölvu í eigu skólans til afnota á meðan þeir eru starfandi í MH. Nemendur hafa aðgang að borðtölvum á Miðgarði og bókasafni skólans. Tölvuver með samtals 31 borðtölvu er til staðar fyrir kennslu og önnur verkefni. Um 175 tölvur eru til í tölvuvögnum eða í skápum í kennslustofum til notkunar við kennslu.

Unnið er að því að setja upp nýtt hljóðkerfi í kennslustofum í eldri hluta skólans og mun sú vinna halda áfram á næsta ári. Einnig er verið að endurnýja eldra hljóðkerfi í nýrri hluta skólans.

MH býr yfir mjög öflugum þráðlausu netkerfi. Samtals 67 sendar eru staðsettir í skólahúsnæðinu, þeir eru í flestum kennslustofum og einnig í öðrum rýmum.

2.17 Skjalamál

Vinna við skjalamál MH er nú komin í nokkuð fastar skorður. MH er afhendingarskyldur aðili og á að skila öllum skjölum til Þjóðskjalasafns þegar þau hafa náð 30 ára aldri. Skjölum skal skila á pappír þar til rafræn skil hafa verið samþykkt af Þjóðskjalasafni. Þjóðskjalasafn leggur áherslu á að ríkisstofnanir sæki um rafræn skil. Skólinn hefur ekki stigið það skref enn og er verulegur kostnaður helsta hindrunin. Vonandi verður fé eyrnamerkt því verkefni á komandi árum.

Eftirfarandi verkefni bar hæst skólaárið 2019-2020:

- MH skilaði skjölum til Þjóðskjalasafns í fyrsta sinn í janúar 2020. Þá var stúdentsprófsskírteinum frá árunum 1970-1989 skilað og þeim fylgdu ýmis gögn um nemendur, s.s. námsferilsblöð og umsóknir um skólavist. Hér eftir sækja nemendur sem útskrifuðust á þessu árabili afrit prófskírteinis til Þjóðskjalasafns, þurfi þeir á þeim að halda.
- Á vormánuðum 2020 voru næstu skil til Þjóðskjalasafns undirbúin. Þá var námsferlum nemenda sem ekki hafa útskrifast en stunduðu nám á árunum 1966-1989 í dagskóla pakkað í öskjur sem og gömlum spjaldskráum með upplýsingum um námsferla nemenda frá fyrstu árum skólans. Enn fremur var öllum gögnum um námsferil nemenda öldungadeildar, sem ekki höfðu útskrifast, pakkað. Þjóðskjalasafn samþykkti að taka við þeim þar sem öldungadeild hefur verið lögð niður þótt skjölin hafi ekki öll náð 30 ára aldri. Þessum skjölum verður skilað á haustönn 2020.
- Skólinn hefur fengið allmargar grisjunarbeiðnir samþykktar af Þjóðskjalasafni og skjalastjórar halda áfram að senda beiðnir vegna ýmissa skjala sem fundist hafa í geymslum og þykja ekki innihalda merkar upplýsingar.
- Ný eldvarin skjalageymsla hefur verið byggð á jarðhæð og var hún tilbúin til notkunar í upphafi haustannar 2020. Mikill fengur er að henni því nú er mögulegt í fyrsta sinn að geyma skjalasafn skólans á einum öruggum stað.

Rafræna skjalastjórnarkerfið GoPro var tekið í notkun í upphafi árs 2019 og hefur náð að festa sig nokkuð í sessi. Notendur eru 13 talsins, 3 stjórnendur, fjármálastjóri, IB-stallari, 3 náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingur, 2 skjalastjórar, innri úttektaraðili jafnlaunakerfis og netstjóri. Skjalastjórar hafa eftirlit með notkun kerfisins og leiðbeina og aðstoða notendur eftir þörfum. Innleiðing hefur að mörgu leyti gengið vel þótt einstaka notendur mættu nýta kerfið betur. Fjöldi mála eykst stöðugt og endurspeglar þau vel starfsemi skólans.

2.18 Heimasíða




Heimasíða skólans var tekin í gegn fyrir 2 árum og vinna síðasta vetrar hefur aðallega verið fólgin í því að laga tengla í gamlar síður og eyða gömlum síðum. Ýmsar upplýsingar hafa verið uppfærðar og nýjum upplýsingum bætt við. Við yfirferðina hefur líka komið í ljós að ýmsar sögulegar upplýsingar um skólann væri gott að hafa á heimasíðunni og verður þeim bætt við á næstunni.

2.19 Jafnréttismál

Störf jafnréttisnefndar skólaárið 2019-2020 sneru annars vegar að endurskoðun jafnréttisáætlunar í tengslum við jafnlaunavottun og hins vegar að samræðu við jafnréttisfélög nemenda (femínista- og hinsegin félögin). Nefndin fundaði ekki á meðan samkomutakmarkanir voru í gildi og mun hefja störf að nýju þegar skólastarf er komið í hefðbundinn farveg. Endurskoðun eldri jafnréttisáætlunar var hluti af jafnlaunavottunarferli skólans og samræða við nemendur var óformlegur stuðningur við


skipulagningu á viðburðum sem því miður náði ekki flugi vegna ástandsins á vorönn. Ljóst er að fylgjast þarf vel með tímaramma jafnréttisáætlunar en þar leikur jafnréttisnefnd stórt hlutverk sem og aðrir ábyrgðaraðilar. Mögulega þarf að endurskoða verklag vegna þeirra röskunar sem sóttvarnarreglur valda á skólstarfinu.

Töflurnar hér fyrir neðan sýna uppfærða jafnréttisstuðla miðað við haustið 2020.



2.19.1.1 Umsóknir um laus störf veturinn 2019 til 2020

Haustið 2019 voru ráðnir 8 nýir kennarar og einn náms- og starfsráðgjafi við MH. Auglýstar voru stöður í kennslu í íþróttum, myndlist, íslensku, dönsku, sálfræði, líffræði, stærðfræði og í náms- og starfsráðgjöf. Samtals bárust 102 umsóknir um auglýst störf og þar af voru 79 konur og 23 karlar.




Mynd 21 Í stærðfræði voru 2 stöður auglýstar og í íslensku voru 3 stöður auglýstar.

Samtals voru 9 konur og 2 karlar ráðnir í auglýst störf. Við ráðningu er annars vegar haft í huga hvert kynjahlutfallið er í skólanum og hins vegar í viðkomandi fagi. Til dæmis voru 2 konur ráðnar í stærðfræði þar sem fyrir voru 6 karlar. 20 konur sóttu um stöðu náms- og starfsráðgjafa en enginn karlmaður.

2.19.2 Jafnlaunavottun

Veturinn 2019 til 2020 vann stýrihópur um jafnlaunakerfi að því að fá vottun. Áætlað var að fara í forúttekt fyrir lok haustannar en því var frestað fram í febrúar. Lokaúttekt tafðist svo að hluta vegna ástandsins á vorönn, en varð að veruleika í byrjun júní og þar með fékk Menntaskólinn við Hamrahlíð jafnlaunavottun.

Mikil vinna liggur að baki undirbúnings vottunar og ekki minni vinna er fram undan við að viðhalda henni. Við í MH erum heppin að hafa innri úttektaraðila í starfsmannahópnum sem getur sinnt öllum innri úttektum. Við vonumst til að okkur takist að halda verkefninu lifandi og sinna því sem þarf að gera.



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

Á heimasíðu MH stendur: Jafnlaunakerfi MH hefur hlotið vottun frá vottunarstofunni iCert og í kjölfarið hefur Jafnréttisstofa veitt MH heimild til að nota Jafnlaunamerkið. Þetta þýðir að jafnlaunakerfi MH uppfyllir kröfur stjórnunarstaðalsins ÍST 85:2012. Jafnlaunakerfi MH byggir á launa- og jafnlaunastefnu skólans. Markmið skólans er að starfsfólk óháð kyni njóti sömu launakjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Jafnlaunakerfi MH hefur verið í smíðum frá því snemma árs 2019 þegar stýrihópur um jafnlaunakerfi var skipaður. Í honum sitja Helga Jóhannsdóttir, konrektor og formaður hópsins, Signý Marta Böðvarsdóttir fjármálastjóri og Halldóra S. Sigurðardóttir skjalastjóri. Steinn Jóhannsson rektor fylgdist með starfi hópsins og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar, var hópnun til aðstoðar og ráðgjafar.

Í skýrslu úttektarteymis iCert var sett fram eftirfarandi ályktun:

Það er niðurstaða úttektarteymis iCert að MH hafi útfært jafnlaunakerfi sem uppfyllir kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Mikill metnaður og vilji er til staðar til þess að gera þessum málaflokki hátt undir höfði og auka skilvirkni jafnlaunakerfisins. Stýrihópur jafnlaunakerfis er mjög virkur, samstíga og

nýtur mikils stuðnings og liðsinnis rektors MH. Innleiðing jafnlaunakerfisins hefur verið skilvirk og árangursrík að mati úttektarteymis.

Ljóst er að mikil vinna hefur farið í að þróa og innleiða kerfið. Næstu skref felast í því að vinna eftir því og iCert fylgir vottuninni eftir árlega með úttektum.

2.20 Heilsueflandi framhaldsskóli

Á fundum í samráðshópi um heilsueflandi framhaldsskóla veturinn 2019-2020 var m.a. farið yfir áhersluþættina sex og kortlagt hvernig skólinn bregst við þeim í sínu starfi. Í kennsluskra skólans eru ýmsir áfangar þar sem fjallað er um heilsueflandi þætti, s.s. íþróttaáfangar, líffræðiáfangi um næringu og sálfræðiáfangi um sálfræði daglegs lífs. Utan kennsluskrár eru einnig ýmsir þættir þar sem heilsueflandi áherslur eru í forgrunni. Má þar nefna að skólinn tekur þátt í Hjólað í vinnuna og Lífshlaupinu. Boðið er upp á ókeypis hafragraut á morgnana fyrir nemendur. Nemendum og kennurum var boðið upp á að taka skyndihjálparnámskeið. Kannanir eru gerðar á líðan nemenda á hverju ári (Skólapúlsinn og Rannsóknir og greining) og niðurstöður þeirra kynntar nemendum og starfsfólki. Niðurstöður þeirra hafa svo verið hafðar til hliðsjónar í almennu skólastarfi.

Styrkur fékkst úr Lýðheilsusjóði undir lok annar vorið 2020 til að vinna verkefni í kringum svefnvenjur framhaldsskólanemenda, í samstarfi við Embætti landlæknis og Erlu Björnsdóttur sálfræðing. Markmið verkefnisins er að útbúa fræðsluefni í formi stuttra myndbanda sem hægt er að nota í kennslu í framhaldsskólum landsins. Í umsókn verkefnisins kom eftirfarandi fram:

„Of lítill svefn framhaldsskólanema getur haft talsverð áhrif á námsframvindu og rannsóknir hafa sýnt að aukinn kvíði, depurð og streita tengjast oft litlum svefni. Rannsóknir sýna breytingar á svefnvenjum framhaldsskólanema undanfarin ár og mikilvægt er að bregðast við því með fræðslu og inngrípum.“

Í byrjun árs 2020 fór hlaðvarpið Dótakassinn í gang á vegum sálfræðings skólans en þar er fjallað um heilsu og líðan í stuttum fræðslupistlum og viðtölum. Þar hefur verið rætt við Lýðheilsufræðing, náms- og starfsráðgjafa, kennara og nemendur. Alls voru 20 þættir gefnir út á vorönn 2020. (Sjá nánar <https://dotakassinn.buzzsprout.com/>)

3 COVID-19

Í byrjun mars gjörbreyttist skólastarf þegar staðbundin kennsla lagðist af vegna COVID-19. Nemendur hættu að mæta í skólann og stór hluti kennara sinnti kennslu heiman frá sér í gegnum rafrænt kennsluumhverfi, þ.e. INNU, TEAMS og ZOOM. Engin lokapróf fóru fram í skólanum heldur var námsmat í formi rafrænna heimaprófa og símats. Mikið álag var á kennurum, stjórnendum og starfsfólki vegna breyttra starfshátta. Lagt var upp með að fylgja stundatöflum nemenda til að þeir myndu halda sínum daglegu venjum eins og um hefðbundinn skóladag væri að ræða þótt hann færi fram utan skólans.

Könnun var lögð fyrir nemendur til að kanna upplifun þeirra á náminu meðan samkomubann var í gildi. Vel á sjötta

hundrað nemendur svöruðu könnuninni. Helstu niðurstöður voru þær að nemendur fundu fyrir auknu álagi í samkomubanni og

Hvernig finnst þér álagið í náminu vera í samkomubanninu miðað við hefðbundið skólahald?

● Mikið meira en venjulega	115
● Nokkuð meira en venjulega	223
● Hvorki meira né minna	90
● Nokkuð minna en venjulega	37
● Mikið minna en venjulega	2



43% nemenda gekk mjög vel eða vel að sinna náminu.

55% nemenda töldu meira álag vera í náminu í samkomubanni en þegar skólahald er hefðbundið. Draga má þá ályktun að aðstæður nemenda séu mjög mismunandi til að takast á við námið, tölvu- og tækniþekking er í sumum tilvikum hindrun, erfitt er fyrir suma nemendur að treysta meira á sjálfa sig og erfitt var að hafa ekki sama aðgengi að kennurum og starfsfólki og áður.

Hvernig hefur þér gengið að sinna náminu í samkomubanninu?

Mjög vel	47
Vel	154
Hvorki vel né illa	122
Illá	103
Mjög illa	41



77% nemenda töldu sig hafa gott aðgengi að kennurum og er það jákvætt.

Ég hef haft gott aðgengi að kennurum og öðru starfsfólki MH í samkomubanninu, t.d. í gegnum tölvupóst eins og þörf er á?

Mjög sammála	152
Sammála	205
Hvorki né	83
Ósammála	17
Mjög ósammála	10



Þegar horft var á þá þætti sem betur máttu fara fannst sumum nemendum flókið að nota mismunandi hugbúnað, erfitt að stunda meira sjálfsnám og erfitt að fá ekki að koma í skólann og hitta félagana. Kallað var eftir samræmdum aðferðum í kennslu og að skólinn myndi marka skýrari stefnu um að beinar útsendingar ættu að vera í öllum áföngum.

Þegar lokapróf voru haldin í maí stóðu kennarar, náms- og starfsráðgjafar og prófstjóri vaktina í hverju prófi. Ef nemandi var ekki búinn að opna rafrænt próf á tilsettum tíma var hringt í hann og honum komið af stað í próf. Fjöldi nemenda sem skiluðu sér í próf var mun meiri en venjulega og viljum við þakka það hversu vel var fylgst með þeim á prófdegi.

Skólinn tók þá stefnu strax í upphafi að miðla öllum upplýsingum eins fljótt og unnt var til nemenda, foreldra og forráðamenn, kennara og starfsfólks. Heilt á litið má álykta að vel hafi gengið og nemendur, kennarar og starfsfólk hafi komist stóráfallalaust í gegnum samkomubann og COVID-19 vorið 2020.

Reynslan frá í vor hefur án efa komið að góðum notum núna í haust þegar starfið hefur litast af seinni bylgjum COVID-19.

Reynslan frá í vor hefur án efa komið að góðum notum núna í haust þegar starfið hefur litast af seinni bylgjum COVID-19.

4 Samantekt og umbætur

Sjálfsmat er gert til að stofnun eins og MH viðhaldi því sem vel er gert og bæti það sem betur má fara. Sjálfsmatið á að vera ferli sem er virkt allt skólaárið og fylgir ákveðinni áætlun. Sjálfsmatsáætlun skólans hefur ekki verið endurnýjuð í nokkur ár og þarf að endurskoða það. Í sjálfsmatsskýrslum undanfarinna ára hefur verkefnalisti verið settur fram og væntanlega ættum við að geta gert sjálfsmatsáætlun upp úr þeim lista.

Áfram þurfum við að hugsa hvernig við getum unnið skýrsluna þannig að hún nýtist okkur sem best. Enn fremur þarf að festa betur hvaða kannanir eru gerðar og hver tilgangur þeirra er.

4.1 Verkefni skólaársins 2018-2019

Hér eru talin upp verkefni úr sjálfsmatsskýrslu ársins 2018-2019 og stöðu þeirra í lok skólaársins 2019-2020 lýst.

Jafnlaunavottun: Skólinn þarf að sækja um jafnlaunavottun fyrir áramótin 2019-2020. Skjalastjóri, fjármálastjóri og konrektor eru að vinna í málaflöknum.

Niðurstaða: Menntaskólinn við Hamrahlíð fékk jafnlaunavottun 9. júní og gildir hún til ársins 2023.

Tölvumál: Klára þarf að koma öllum gögnum í skýið og beina kennurum í almennari Teams-notkun.

Niðurstaða: Skýjanotkun er orðin almennari en ekki er allt komið yfir. Teams-notkun hefur aukist til muna og er það bein afleiðing af ástandi vorannar, COVID-19.

Húsið: Miklar viðgerðir eru í gangi sem munu halda áfram. Verið er að vinna að 5 ára áætlun með arkitekt skólans og fasteignum ríkisins þar sem verkefnum er forgangsraðað. Efst á blaði eru hljóðvist á kennarastofunni, frágangur á lóð í kringum ruslagáma, klósettin á Matgarði og eldvarin skjalageymsla.

Niðurstaða: Framkvæmdir hófust af fullum krafti á vorönn. Vegna COVID-19 hættu nemendur að mæta í hús upp úr miðjum mars og þá tóku iðnaðarmenn við og hafa unnið sleitulaust síðan. Ekki hefur tekist að klára hljóðvist á kennarastofunni en annað er komið af stað eða lokið.

Umhverfismál: Rafhleðslustöðvar komust í gagnið í september 2019 og þarf að fylgja því eftir og skipuleggja hvernig hleðslu er háttað á skólatíma.

Niðurstöður: Mikil ánægja hefur verið með rafhleðslustöðvarnar og hófst gjaldtaka 1. september 2020. Ekki er komið á hreint hvernig gjaldtakan verður ef bill er í hleðslu lengur en hann þarf.

Kannanir: Leggja þarf kennslukannanir fyrir vegna íþróttakennara.

Niðurstaða: Kennslukönnun var lögð fyrir nemendur í íþróttum og fóru íþróttakennarar í starfsmannaviðtal í framhaldi af þeim.

Stoðtímar: Stoðtímar hafa verið í gangi í efnafræði á vorönn 2019 og verða áfram á haustönn 2019. Stoðtímar í stærðfræði verða á haustönn 2019.

Niðurstaða: Stoðtímar voru í efnafræði, eðlisfræði og stærðfræði, en COVID-19 setti stórt strik í reikninginn á vorönn.

4.2 Verkefni skólaársins 2020-2021

Inna: Hvetja kennara áfram til að viðhalda kunnáttu sinni í Innu-námsumhverfinu eftir lærdómsríka vorönn 2020.

COVID-19: Í júní 2020 ræddu stjórnendur skólans um að vera undirbúin undir aðra bylgju COVID-19, setja fram plan A og plan B, til að geta brugðist við ef faraldurinn hefði jafnmikil áhrif á haustönn 2020 og gerðist á vorönn. Í lok júlí var sýnt að bregðast yrði við breyttum aðstæðum. Mikil skipulagsvinna átti sér stað í kjölfarið svo hægt yrði að hefja skólastarf í lok ágúst.

- Skólinn hófst 18. ágúst með móttöku nýnema.
- Nýnemar fengu lífsleiknitíma 20. ágúst þar sem farið var yfir skipulag fyrstu þriggja vikna.
- Öll kennsla hófst 24. ágúst og var kennt í löngum tímum fyrir og eftir hádegi í viku 1, fyrir hádegi í viku 2 og eftir hádegi í viku 3.
 - Nemendur í hússtjórn fengu fulla kennslu.
 - Nemendur á sérnámsbraut voru í skólanum kl. 10-14.
- Í viku 4 var kennt fyrir hádegi og viku 5 var kennt eftir hádegi

- Báðar vikurnar var myndlist og leiklist kennd í húsi í öllum löngum tímum, bæði fyrir og eftir hádegi.
- Í viku 6 var kennt fyrir hádegi og í viku 7 átti að kenna eftir hádegi. Þá var sóttvarnareglum breytt svo við þurftum að fara alveg yfir í rafræna kennslu sem stendur enn yfir (vika 8, vika 9 og líklega vika 10 og kannski 11 líka).

Framkvæmdir: Fara í framkvæmdir við stofu 29, nýja myndlistarstofu.

Jafnlaunavottun: Við fengum vottun í júní og þurfum að læra að vinna eftir jafnlaunakerfinu.

- Gera innri úttektir á öllum verklagsreglum og fylgja vel eftir því sem hefur verið gert.
- Fara yfir jafnréttisáætlunina og framkvæma tímasettar aðgerðir
- Læra hvað það þýðir að vera með jafnlaunavottun og vinna eftir henni.

Valvika: Hafa kynningu á áföngum líkt og þegar um opið hús er að ræða og kynna á einum stað það sem er í boði fyrir næstu önn. Í framhaldi af því væri valtími þar sem nemendur gætu hitt umsjónarkennarann sinn. Þetta kemst ekki í framkvæmd strax vegna COVID-19 en kynning á valáföngum var alfarið rafræn haustið 2020.

Græn skref: Skólinn mun skrá sig til leiks í „grænum skrefum“, eins og aðrar ríkisstofnanir, og vinna eftir áætlun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þar um.